

22. gr.

190

Málsókn.

29. nóv.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 5 4. janúar 1923, og reglugerð nr. 99 14. október 1932, um breytingu á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögunum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

191

um afnám blöndunar smjörs í smjörliki.

7. des.

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjöri í smjörliki, sem framleitt er hér á landi, né í erlent smjörliki, sem flutt kynni að verða til landsins.

Auglýsing, dags. 23. nóvember 1940, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki, er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis“, útgefin á venjulegan hátt 9. desember 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 192 9. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis.

2. gr.

Stofnfé er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ekkja Davíðs Sch. Thorsteinsson hefir gefið kvenskátafélaginu í Reykjavík.

192

9. des.

Tilgangur sjóðsins er að reisa sumarskála til afnota fyrir kvenskátafélagið í Reykjavík.

4. gr.

Tilgangi þessum er sjóðnum ætlað að ná með sölu minningarspjalds um D. Sch. Thorsteinsson, auk þess tekur hann við gjöfum og tillögum, er kunna að berast.

5. gr.

Þegar stjórn sjóðsins telur nægilegt fé hafa safnast, skal þegar hafizt handa um skálabýgginguna.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð: 3 skátaforingjum úr kvenskátafélaginu í Reykjavík og 2 meðlimum úr K. S. S. Í.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

193

12. des.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 23 1. apríl 1936.

Á eftir VI. kafla reglugerðarinnar komi inn nýr kafli, sem verður VII. kafli, og tala kafla og greina breytist samkvæmt því. Kaflinn er svo hljóðandi:

VII. KAFLI

Um hafnsögu á innri höfn Stykkishólmskaupþúns.

25. gr.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru herskip og varðskip, skemmtiferðaskip, vitaskip ríkisins, öll skip sem heima eiga í Stykkishólmi og sömuleiðis öll íslensk fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

26. gr.

Takmörk innri hafnarinnar er bein lína úr Fálkakletti í austurhorn Súgandis-eyjar, og þaðan bein lína í Svartatanga.

27. gr.

Hvert það skip, sem ætlar til Stykkishólms, og ber að taka hafnsögumann, gefi merki um að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið, svo fljótt sem unnt er.

28. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, né flytja sig til á höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns.

29. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af brúttó smálest.